

# Konur þriðjungur í stjórnnum stærri fyrirtækja

06.05.2016 - 10:16



Mynd: RÚV

Konur voru í lok árs 2015 tæp 26 prósent stjórnarmanna fyrirtækja sem greiða laun og skráð eru í hlutafélagaskrá. Hlutfall kvenna í stjórnnum slíkra fyrirtækja jókst um 0,4 prósentustig milli ára. Hlutfallið hefur farið hækkandi frá árinu 2007. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Hagstofunni.

Hlutfall kvenna í stjórnnum stærri fyrirtækja landsins stendur hinsvegar nánast í stað milli ára eftir mikla fjölgun undanfarin ár. Konur voru 32,8 prósent stjórnarmanna í fyrirtækjum með 50 starfsmenn eða fleiri en voru 33,2 prósent árið 2014.

Hlutfallið er því enn undir viðmiðinu sem sett var í lög fyrir tæpum þremur árum um að hlutfall hvors kyns skuli vera yfir 40 prósentum í stjórnnum fyrirtækja með fleiri en 50 starfsmenn. Hlutfall kvenna hefur þó aukist umtalsvert á tæpum áratug. Konur voru 12,7 prósent stjórnarmanna í stórum fyrirtækjum árið 2007 og 9,5 prósent árið 1999.

